

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra  
Kristján Þór Júlíusson  
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2018.

### **Efni: Endurskipun samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga**

Vísað er til fréttatilkynningar ráðuneytisins frá 27. desember síðastliðnum, þar sem greint er frá því að fækkað verði í samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga, sem skipaður var 2016 í framhaldi af samþykkt frumvarps til laga nr. 102/2016 þar sem lögfest voru ýmis ákvæði vegna nýrra búvörusamninga ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að hópurinn verði leystur upp og endurskipaður með færri fulltrúum.

Bráðabirgðaákvæði laganna um samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga var sett eftir að búvörusamningarnir höfðu orðið fyrir harðri gagnrýni af hálfu fulltrúa mjög breiðs hóps samtaka fyrirtækja og almennings í landinu. Meðal annars var gagnrýnt að samningagerðin hefði farið fram fyrir luktum dyrum, án samráðs við aðra en fulltrúa samningsaðilanna, ríkisins og Bændasamtakanna. Ákvæðið kom inn í lögin að tillögu þáverandi meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis og sagði formaður hennar, Jón Gunnarsson, ítrekað að markmiðið væri að skapa „þjóðarsamtal“ og „þjóðarsátt“ um landbúnaðinn.

Félag atvinnurekenda var einn af gagnrýnendum búvörusamninganna og gagnrýndi ekki sízt að með þeim hefði ríkið samið við einkaaðila, þ.e. Bændasamtökin, um að hækka skatta á öðrum einkaaðilum, þ.e. innflytjendum búvara, en liður í samningunum var rífleg hækkun tolla á innfluttum mjólkurvörum. Á fundum með Félagi atvinnurekenda var því heitið af hálfu formanns atvinnuveganefndar að félagið fengi aðild að samráðshópnum og það loforð var ítrekað opinberlega.

Þannig var Jón Gunnarsson í samtali við Ríkisútvarpið 18. ágúst 2016 og fékk þá spurninguna: *Félag atvinnurekenda hefur gagnrýnt þessa samninga og hóttað málsókn vegna þeirra – heldur þú að þessar breytingar sem þið eruð að gera friði þá?*

Svar nefndarformannsins var eftirfarandi: „Ég held að enginn muni hoppa upp á borð og fagna þessum niðurstöðum og telja það fullnaðarsigur fyrir sinn málstað. En ég legg áherslu á málamiðlanir og áfangasigra í þessu. Það er viðamikið að breyta íslensku landbúnaðarkerfi. Að mínu mati erum við að leggja upp í þá vegferð. Við köllum alla þessa aðila inn í umræðuhópa eða sáttanefnd sem á að starfa og leiða þetta þjóðarsamtal um íslenska landbúnaðarstefnu til ársins 2019. Þannig að þeir hafa sínar raddir þar. Þeir hafa gagnrýnt að samráð hafi ekki verið haft. Við erum að binda það í lög að slíkt skuli viðhaft núna. Þetta verður alvöru

vinna og ég bind vonir við að hún muni leiða til þess að það verði hér víðtækari sátt, nokkurs konar þjóðarsátt um landbúnaðarstefnu til lengri tíma.“

Þegar Gunnar Bragi Sveinsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, óskaði eftir tilnefningum í starfshópinn, kom í ljós að halda átti Félagi atvinnurekenda utan við „þjóðarsamtalið“. Þetta átaldi félagið í bréfi til ráðuneytisins 21. október 2016 og sagði ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að loforðið um þjóðarsamtal hefði verið svikið. Félag atvinnurekenda ítrekar þau sjónarmið sem sett voru fram í því bréfi.


Niðurstaða Gunnars Braga varð níu manna starfshópur þar sem samningsaðilar búvörusamninganna, ríkið og landbúnaðurinn, höfðu í raun tvo þriðjuhluta fulltrúanna. Það var ekki með réttu hægt að kalla breitt samráð eða þjóðarsamtal.

Eftir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók við embætti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra var fjölgað í starfshópnum og Félagi atvinnurekenda boðið að tilnefna fulltrúa sinn í hópinn, í samræmi við þau loforð sem gefin voru við samþykkt búvörusamningafrumvarpsins. Hefur Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður FA, átt sæti í hópnum. Í hópnum hafa setið fulltrúar margvíslegra sjónarmiða og hagsmuna. Að mati FA hefur starf hópsins verið gott og jákvæður andi í umræðum á vettvangi hans, þrátt fyrir mismunandi sjónarmið. FA hefur ekki séð neinn skynsamlegan rökstuðning frá ráðherra fyrir því að fækka í hópnum og þrengja þar með „þjóðarsamtalið“.

FA hefur nú fengið upplýsingar um að ráðuneytið hafi sent bréf til nokkurra hagsmunasamtaka þar sem óskað er eftir tilnefningum í hópinn. FA hefur ekki fengið slíka beiðni og dregur af því þá ályktun að á ný eigi að halda félaginu utan við „þjóðarsamtalið“ um landbúnaðinn.

FA tekur eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í ályktun stjórnar Samtaka ungra bænda frá 18. janúar síðastliðnum, þar sem stefnubreytingu ráðherra er mótmælt og átalið að horfið skuli til fortíðar með skipan hóps þar sem fáir koma að borðinu í stað þess að viðhaft sé víðtækt samráð um endurskoðun búvörusamninganna. Félag atvinnurekenda tekur sömuleiðis undir þá kröfu ungra bænda að ráðherra endurskoði ákvörðun sína um endurskipan starfshópsins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA